

Fundargerð framkvæmdastjórnar KGRP

Fimmtudaginn 21. september var 2023 haldinn fundur í framkvæmdastjórn Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma. Fundurinn hófst kl. 08:00 í Fossvogi. Mætt voru: Egill Heiðar Gíslason formaður, Kristján Guðmundsson varaformaður, Emilía G. Svavarsdóttir meðstjórnandi og Ingvar Stefánsson framkvæmdastjóri. Formaður setti fundinn og lagði fram dagskrá fundarins:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Rekstur og lykilmælikvarðar
3. Stefnumótun
4. Aðgerðaráætlun
5. Líkhúsmál
6. Önnur mál

1. Lögð var fram fundargerð síðasta fundar sem var samþykkt.
2. Framkvæmdastjóri fór yfir lykilmælikvarða fyrir fyrstu 7 mánuði ársins 2022. Jarðsetningum er að fækka á milli ára. Tap er af reglulegri starfsemi og sjóðsflæði er neikvætt um 27,5 milljónir af reglulegri starfsemi.
3. Farið var yfir stefnumótun og starfsmannamál. Framkvæmdastjóri kynnti hugmynd að nýju skipulagi. Skipulaginu er m.a. ætlað að skýra hlutverk og ábyrgð stjórnenda auk þess sem stjórnunarspönn framkvæmdastjóra auðveldar heildaryfirsýn. Einnig er skipulaginu ætlað að ná betur utan um á kjarnastarfsemi garðanna, auka teymisvinnu og fleira. Nýtt skipulag var samþykkt og tekur það gildi 1. október. Fundarmenn voru ánægðir með nýtt skipulag og voru sammála um að það myndi skerpa á kjarnahlutverki garðanna.
4. Framkvæmdastjóri kynnti aðgerðaráætlun til þess að bæta rekstur og sjóðsflæði. Aðgerðaráætlunin er í nokkrum liðum og felst m.a. í að lækka almennan kostnað, launakostnað. Sameina skrifstofur í Gufunesi og í Fossvogi og breyta eða hætta rekstri líkhúss og leigja út athafnarými auk þess sem skoðað verði hvort hægt sé að auka leigutekjur og sértekjur.
5. Framkvæmdastjóri fór yfir líkhúsmál. Samkvæmt samtali framkvæmdastjóra við starfsmann dómsmálaráðuneytisins sýnir bæði dóms- og fjármálaráðuneytið málinu skilning. Von er á fundi með ráðherra til að fara yfir málefnið í lok október. Ljóst er að KGRP getur ekki verið með rekstur sem engar tekjur eru af og það bitnar á kjarnastarfseminni sem er umhirða og jarðsetning.
6. Önnur mál. Engin sérstök önnur mál voru rædd.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 10:00.

Emilía G. Svavarsdóttir
Emilía Guðm. Svavarsdóttir
Egill Heiðar Gíslason

Ingvar Stefánsson
Ingvar Stefánsson